



Ritver Menntavísindasviðs

Rammi um fræðileg skrif

Uppsetning og leiðbeinandi orðafjöldi
miðað við 5000 orða fræðigrein.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Pú mátt eiga þetta eintak

Uppsetning og viðmiðunartölur

Efnisyfirlit er lykill að texta og sýnir heildaryfirlit um innihald hans. Kaflaheiti eiga að endurspeglar innihald texta. Blaðsíðutöl efnisyfirlits eiga að vera í heilum tölum.

Ágrip

Ágrip er efni greinar í hnotskurn. Ágrip á að fylgja efni kafla í réttri röð og fjalla um **bakgrunn** verkefnis, **aðferðir**, helstu **niðurstöður** og ályktanir í **umræðukafla** (BANU, e. IMRD: Introduction, methods, results, discussion). Ágrip á að vekja áhuga efni greinarinnar.

Inngangur

Inngangur kynnir samhengi greinar, hvaðan höfundur kemur og hvert hann stefnir með skrifum sínum. Inngangur kynnir viðfangsefnið, lykilhugmyndina, og býr lesanda undir umfjöllun. Í inngangi er gerð grein fyrir fyrri rannsóknum á sviðinu ef við á.

Rannsóknarspurning getur verið í inngangi, komið í kjölfar hans eða á eftir kafla um stöðu þekkingar og fyrri skrif. Spurningin er vel afmörkuð, komin frá höfundi og á rætur í forvitni hans um viðfangsefnið. Velja þarf rannsóknaraðferð sem best safnar nauðsynlegum gögnum til að geta svarað spurningunni.

Staða þekkingar (á fræðasviði)

Kafli um stöðu þekkingar á (fræða)sviðinu skýrir í hvaða samhengi viðfangsefnið á erindi. Fjallað er um hugmyndir, kenningar, stefnur eða aðstæður sem framlag höfundar miðast við. Skipulagi er komið á efnið með yfir- og undirköflum og viðeigandi fyrisögnum. Höfundur þarf að sýna að framlag hans bætir einhverju við það sem áður var vitað. Hér gildir gott skipulag á efnispáttum og skýr rökstuðningur. Mikilvægt er að hafa lesendahóp í huga.

Aðferðafræði og siðfræði

Kafli um aðferðafræði skýrir ítarlega frá því hvernig rannsókn var gerð. Í undirköflum er fjallað um tæki, efnivið, þátttakendur, rannsóknarhefð (frum- og fylgibreytur), uppsetningu, mælingar og framkvæmd er lýst nákvæmlega í tímaröð.

Fjalla þarf um siðferðileg álitamál við rannsókn, ræða persónugreinanlegar upplýsingar, sérstaklega ef rannsóknin snertir börn eða viðkvæma jaðarhópa. Huga þarf að reglum siðaboða um sjálfræði, skaðleysi, velgjörð og réttlæti.

Niðurstöður

Niðurstöður geta verið með ýmsu móti. Þær eru hin eiginlega greinargerð fyrir því hvers rannsakandi varð vísari í rannsókn sinni:

- tölulegar niðurstöður mælinga eða útreikninga
- svör við tilgátum sem settar voru fram

Lýsandi tölfræði er birt (ef til staðar) og niðurstöður dregnar saman í töflur. Nauðsynlegt getur verið að útskýra niðurstöður eða vekja athygli á því sem áhugavert er, en einfaldast er að bíða með skýringar og túlkánir þar til í umræðukafla. Í lokin eru heildarniðurstöður teknar saman.


Umræður og ályktanir

Umræður fela í sér túlkun og greiningu niðurstaðna og hvernig þær falla að stöðu þekkingar á sviðinu, fyrri tilgátum og kenningum. Útskýra þarf hvernig og hvers vegna niðurstöður staðfesta fyrri kenningar eða ekki.

Lokaorð

Lokaorð eiga að skilja við lesandann þannig að hann átti sig á því um hvað greinin fjallar. Lokaorð hnykkja á meginatriðum viðfangsefnis þannig að lesandi átti sig á því að hvaða leyti greinin hefur þýðingu fyrir samfélagið og fræðin.

Skipting orðafjölda í fræðigreini



Mynd 1. Myndin sýnir lengd hvers kafla sem hlutfall af heildarlengd greinar. Oftast eru umræður og lokaorð í einum kafla.

Byggt er á úrtaki tíu ritrýndra greina í tímaritinu *Uppeldi og menntun*.

Tafla 1. Áætlaður orðafjöldi í hverjum kafla miðað við heildarlengd greinar. Byggt er á úrtaki tíu ritrýndra greina í tímaritinu *Uppeldi og menntun*.

Orðafjöldi Greinar	Ágrip	Inngangur	Meginmál Fræði	Meginmál Aðferðafræði	Meginmál Niðurstöður	Niðurlag Umræður	Niðurlag Lokaorð
3000	168	374	646	312	703	424	373
4000	168	374	956	461	1041	627	373
5000	168	374	1266	611	1378	830	373
6000	168	374	1576	760	1715	1033	373
7000	168	374	1887	910	2052	1236	373
8000	168	374	2197	1059	2390	1439	373
9000	168	374	2507	1209	2727	1643	373
10000	168	374	2817	1358	3064	1846	373

Velkomin í ritverið!

Munið viðtalsfundina

Allir stúdentar með verkefni í smíðum geta pantað viðtalsfund hjá ráðgjafa ritvers — sjá viðtalsfundasíðuna.



<http://ritver.hi.is>